



FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík 20. maí 2020

Efni: Aukið félagsstarf fullorðinna sumarið 2020 vegna COVID-19

Félags- og barnamálaráðherra hvetur sveitarfélög til að efla enn frekar félagsstarf fullorðinna í sumar með það að markmiði að rjúfa félagslega einangrun sem orðið hefur vegna COVID-19. Eldri borgarar og öryrkjar hafa víða þurft að þola skerta samveru og félagslega einangrun að undanfögnu m.a. vegna sjálfsskipaðrar sóttkvíar. Af þeim sökum er sérstaklega mikilvægt að leggja aukna áherslu á frístundaiðkun, geðrækt, hreyfingu og forvarnir með það að markmiði að auka lífsgæði og heilbrigði, fyrirbyggja og draga úr félagslegri einangrun.

Samþykkt hefur verið að styðja við þau sveitarfélög sem, vegna COVID-19, hyggjast auka við starfsemi og þjónustu í félagsstarfi fullorðinna sumarið 2020 umfram hefðbundið sumarstarf.

Á þessum grundvelli gefst sveitarfélögum kostur á að sækja um fjárframlag vegna sérstakra viðbótarverkefna í félagsstarfi fullorðinna fyrir sumarið 2020. Alls hefur verið samþykkt að veita 75 milljónum króna til þessa verkefnis á landsvísi. Gert er ráð fyrir að hvert sveitarfélag geti sótt um 1.600 kr. fyrir hvern íbúa í sveitarfélaginu sem er 67 ára og eldri miðað við upplýsingar um íbúafjölda frá Hagstofu Íslands 1. janúar 2020. Þó er gert ráð fyrir að lágmarksframlag verði ekki undir 100.000 krónum.

Þau sveitarfélög sem óska eftir fjárframlagi skulu senda umsókn fyrir 2. júní nk. kl. 12:00, í gegnum eyðublaðavef Stjórnarráðsins <https://minarsidur.stjr.is/web/index.html>.

Í umsókninni þarf að koma fram (sjá nánar í umsóknareyðublaði)

- verkefnisáætlun
- tímalína
- markhópur
- samstarfsaðilar
- fjárhagsáætlun
- tengiliður sveitarfélags vegna umsóknarinnar

Uppfylli verkefnið markmiðið um aukið félagsstarf fullorðinna sumarið 2020 vegna COVID-19 fær sveitarfélag eingreiðslu í byrjun júní.

Þau sveitarfélög sem fá fjárframlag til verkefnisins skulu skila stuttri skýrslu um árangur verkefnisins til félagsmálaráðuneytisins, fyrir 1. október 2020, á netfangið fn@fn.is undir heitinu *Skýrsla um aukna starfsemi og þjónustu í félagsstarfi fullorðinna sumarið 2020 vegna COVID-19 frá „nafn sveitarfélags“*.

Nánari upplýsingar veitir Birna Sigurðardóttir, sérfræðingur í félagsmálaráðuneytinu,
birna.sigurdardottir@frn.is

Með kveðju,

Ásmundur Einar Daðason

Ásmundur Einar Daðason
félags- og barnamálaráðherra